

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttáð, að varhugað sé að leyfa hana. Getur ráðherra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfisi-hafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda standi sérstaklega á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

3. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildsverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsg. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málslíður 4. gr. falli niður.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lög-birtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.

2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjunn er annars svo háttáð, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða sölu- aðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma.
Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsg. 3. gr. og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á.
Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuleyfi sínu eða hvort starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, og er honum þá rétt að bera málið undir dómstóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, ásamt áður áorðnum breytingum, og gefa þau lög út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um Iðnþróunarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Sjóður sá, er um ræðir í samningi þessum, sbr. 1. gr., skal á Íslandi nefnast Iðnþróunarsjóður. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.